



HITAVEITA EGILSSTAÐA OG FELLA

# ÁRSSKÝRSLA 2015





## Efnisyfirlit

Skýrsla framkvæmdastjóra .....	3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ...	11
Áritun óháðs endurskoðanda .....	12
Rekstrarreikningur .....	13
Efnahagsreikningur .....	14
Sjóðstreymisyfirlit .....	16
Skýringar .....	17



# Skýrsla framkvæmdastjóra 2015

## Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2015 gefur til kynna að rekstrarárið hefur verið hagstætt hvað varðar framkvæmdir og rekstrarafkomu ársins, gengi íslensku krónunnar hefur verið stöðugt allt árið og verðbólga með minnsta móti miðað við mörg undanfarin ár.

Heildartekjur HEF á árinu 2015 námu 368,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 354,8 millj. kr. árið 2014 og hafa hækkað um 3,9 % frá fyrra ári.

Tekjur ársins vegna vatnssölu námu 157,0 millj. kr. samanborið við 147,1 millj. kr. á árinu 2014. Álögð fráveitugjöld voru 104,8 millj. samanborið við 100,2 millj. kr. 2014. Álögð vatnsgjöld 2015 voru 77,1 millj. kr. samanborið við 75,0 millj. kr. 2014. Fastagjöld eru 21,1 millj. kr. en voru 20,8 millj. kr. 2014. Aðrar tekjur eru 8,7 millj. kr. en voru 11,7 millj. kr. árið 2014.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 156,2 millj. kr. samanborið við 143,1 millj. kr. árið 2014 og hækka því um 13,1 millj. kr. milli ára.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 212,5 millj. kr. samanborið við 211,7 millj. kr. hagnað árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 57,6% samanborið við 59,7% frá árinu 2014.

Afskriftir námu 86,2 millj. kr. samanborið við 76,6 millj. kr. árið 2014.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 126,3 millj. kr. samanborið við 135,1 millj. kr. árið 2014. Hrein fjármagnsgjöld námu 55,2 millj. kr. samanborið við 58,9 millj. kr. árið 2014, lækkunin skýrist að mestu vegna gengishagnaðar sem nam 6,3 millj. kr. á árinu.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er 70,3 millj. kr. Tekjuskattur nemur 9,3 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins er því 60,9 millj. kr. í hagnað samanborið við 85,5 millj. kr. árið 2014.

## Efnahagsreikningur


Heildareignir félagsins í árslok 2015 samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.963,6 millj. kr. samanborið við 1.906,5 millj. kr. í árslok 2014.

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 1.782,5 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 1.723,1 millj. kr. árið 2014.


Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 20,8 millj. kr. í árslok, en voru 30,9 millj. kr. í árslok 2014. Lækkun á milli ára er að mestu vegna breytinga á skatteign félagsins.

Eigið fé félagsins er 528,8 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 467,9 millj. kr. í árslok 2014 og er eiginfjárhlutfall félagsins 26,9% samanborið við 24,5% í árslok 2014. Eiginfjárhlutfallið hefur vaxið jafnt og nokkuð stöðugt frá árinu 2009 er það var 6,9%.

Rekstrartekjur í millj. kr.



Hagnaður EBITDA í millj. kr.



## Skuldir

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.434,8 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 1.438,7 millj. kr. í árslok 2014. Langtímaskuldir námu alls 1.308,0 millj. kr. í árslok, samanborið við 1.314,1 millj. kr. árið áður.

Skammtímaskuldir námu 126,8 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 124,6 millj. kr. í árslok 2014 og hækka því um 1,8%.

Veltufjárhlutfall er 1,19 í árslok 2015 samanborið við 1,15 árið áður. Æskilegt er að veltufjárhlutfallið sé að jafnaði 0,8-1,0 þannig að veltufjármunir á hverjum tíma nægi til greiðslu skammtímaskulda.

## Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 158,6 millj. kr. á árinu 2015 eða 43,0% af heildartekjum ársins.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 169,6 millj. kr. samanborið við 167,2 millj. kr. árið 2014.

Fjárfestingar námu samtals 145,3 millj. kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 104,8 millj. kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 26,2 millj. kr. og fjárfesting fráveitu 14,2 millj. kr.

Lántaka ársins nam 57,0 millj. kr. Afborganir langtímalána námu 56,8 millj. kr., afborganir leiguskulda 24,3 millj. kr. Greiddur fjármagnskostnaður nam 56,3 millj. kr.

Handbært fé í árslok er 108,2 millj. kr., nam í árslok 2014 107,9 millj. kr.

## Starfsemin á árinu

Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urriðavatn nam um 1.770 þús. tonnum, meðalvinnsla er því 56,0 l/sek. eða um 202 þús. lítrar á klukkustund. Á álagstímum þegar saman fer mikill vindur og frost tvöfaldast heitavatnsnotkunin og er þá um 335 þúsund lítrar á klukkustund. Ársmeðalhiti 2015 á veðurstöð veitunnar á Tjarnarbraut var 3,7°C eða um 1,6°C lægri en meðalhiti ársins 2014.


Sala á heitu vatni skv. rúmmetramælingu er 1.483 þúsund rúmmetrar. Sala á heitu vatni um hemla í dreifbýlinu og til sumarhúsa er 6,256 l/mán. Heildartekjur af heitavatnssölu árið 2015 námu 172,3 millj. kr. og hækka um 11,1 millj. kr. frá fyrra ári.

Stærstu notendur eru eins og áður Haustak hf. með um 137 þús. tonn, en var með 145 þús. tonn 2014, íþróttamannvirki með um 136 þús. tonn sem er um 13 þús. tonn meiri notkun frá fyrra ári. Notkun á heitu vatni til afbræðslu á gervigrasvöllum var um 49 þús. tonn. Vegna mikilla viðskipta fá þessir aðilar magnafslátt sem nam um 12,5 millj. kr. árið 2015. Gróðurhúsin hjá Barra eru með um 14 þús. tona heitavatnsnotkun.


Verkefni veitunnar eru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns- og fráveitulagna. Nokkuð var um bilanir í dreifikerfi veitnanna, sem í flestum tilfellum má rekja til aldurs, efnisgæða og frágangs.

Meiri dæling frá kyndistöðinni í Fellabæ hefur kallað á betri og öruggari dælubúnað og þá einnig m.t.t. varaafis rafmagns, en rafmagnstruflanir og óstöðugur straumur í dreifikerfi Rarik


Meðal gjaldfrestur í dögum



Viðskiptakröfur í millj. kr.



Fjármagnskostnaður í millj. kr.



og Landsnets hefur orsakað fjölda smábilana í tækja- og samskiptabúnaði veitunnar undanfarin ár og er kennt um lélegum flutningslínunum til Austurlands.

Í kyndistöðinni eru í dag þrjár skerpidælur sem geta dælt samtals um 200 l/sek. og 125 kW diesel varaafstöð sem eykur rekstrararöryggi veitunnar til mikilla muna. Lengd lagnakerfis hitaveitunnar er yfir 100 km í árslok 2015.

Rekstur hitaveitukerfis gekk vel að undanskyldum fyrrnefndum bilunum í lagnakerfi sem rekja má til aldurs lagna og bilunum í dælustöðvum sér í lagi í dreifbýlinu, sem flestar hafa orsakast af rafmagnstruflunum. Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast t.a.m. vegna framkvæmda eða bilana.

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 28,5 millj. kr. Rafmagn á dælubúnað er 12,8 millj. kr. var 11,8 millj. kr. árið 2014. Eftirlits- og rannsóknarvinna nam 1,3 millj. kr. á móti 1,1 millj. kr. árið 2014.

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög mikil og stöðug frá upphafi, en dælt er úr þremur borholum. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2015 var um 580 þús. tonn, eða að meðaltali 18,4 l/sek. Árið 2013 var notkun 851 þús. tonn, þessi mikli munur skýrist af vatnslekum sem lagfærðir hafa verið á þessum tíma og með endurnýjun lagnakerfis, þá hefur hið kalda tíðafar sl. sumar töluvert að segja því að vökvun blóma og garða var nánast ómælanleg. Rafmagnskostnaður á dælu var 2,7 millj. kr. 2015 var á fyrra ári 2,8 millj. kr.

Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum og Fossgerði í Eiðapinghá.

Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel að mestu fyrir utan bilun er varð í fóðringu á borholu á Brúarási og hafa allar sýnatökur og eftirlit úr vatnsveitukerfum staðist gæðakröfur. Kostnaður við rekstur vatnsveitunnar er um 13,0 millj. kr.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 84,4 millj. kr. og hækkaði um 1,1 millj. kr. frá árinu 2014.

Álögð gjöld fráveitu voru 104,9 millj. kr. og er hækkan frá fyrra ári um 4,7 millj. kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis nam 29,0 millj. kr. og er nánast sá sami og frá árinu 2014.


Samkvæmt samningum við Bólholt ehf. eru rekstrarsamningar vegna hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027. Fyrstu samningarnir renna út 2023. Bólholt ehf. sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli, en tæmdar og hreinsaðar rotþrær voru samtals 102 árið 2015.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja á milli skólps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt lækka rekstrarkostnaður.

Fjöldmörg fráveituverkefni eru komin á verkefnaskrá sem stefnt er á að leysa á næstu misserum s.s viðbrögð við ofsahláku og úrkomu.

Hitaveita Egilsstaða og Fella er aðili að Samorku sem eru samtök um rekstur hitaveitna, vatnsveitna, fráveitna, rafmagnsframleiðenda og dreifingaraðila fyrir rafmagn. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna og ekki síst minni veitna. Fráveitufagræð Samorku tekur nú þátt í vinnu nefndar vegna endurskoðunar á reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ, ásamt fleiri verkefnum sem stuðla að betri rekstri og þekkingu.

Selt magn eftir notendum 2010-2014, þús. m<sup>3</sup>



HEF á um 45% eignarhlut í Skógarorku ehf. á Hallormsstað og skv. ársreikningi er eignarhluturinn á bókfærðu verði um 5,4 millj. kr.

Í desember 2015 tók félagið 57,0 millj. kr. lán skv. lánasamningi við Arion banka sem gerður var í desember árið 2014.

Útgefnir áætlunarreikningar úr orkukerfinu voru um 16 þús. Samtals voru gerðir um 21 þús. reikningar í orkukerfinu þar með taldir eru uppgjörreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar. Þessar reikningsgerðir eru fyrir utan bókanir og færslur í fjárhagsbókhalda. Álestur af hitaveitu- og vatnsmælum fór fram í nóvember eins og vaninn hefur verið undanfarin ár og er hann í höndum sömu einstaklinga sem séð hafa um álesturinn til fjölda ára. Sú nýbreytni átti sér stað að álestur var skráður beint í tölvubúnað.

Jón Jónsson lögmaður hjá Lögfræðistofunni Sókn hefur rekið mál fyrir félagið gegn Lánasjóði sveitarfélaga um ógildingu á gengistryggðu láni, dómur féll í héraðsdómi í desember sl. félaginu í óhag og hefur dómnum verið áfrýjað til hæstaréttar.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum misserum og eru samskipti við þessa fjármálastofnanir með miklum ágætum.

KPMG ehf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur hefur að jafnaði verið gerður fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst ár hvert og reynst vel fyrir stjórnendur veitunnar.

## Nýframkvæmdir

Á árinu 2015 var fjárfest fyrir 145,3 millj. kr. Í hitaveitunni voru nýframkvæmdir fyrir um 104,8 millj. kr. í vatnsveitunni fyrir 26,2 millj. kr. og fráveitunni fyrir um 14,2 millj. kr. Dýrasti og umfangsmesti hlutinn var endurnýjun stofnlagna hitaveitu og vatnsveitu um Egilsstaðanesið, ásamt að gera göngu- og hjóleiðastíg sem lagnaleið frá Þjóðvegi 1 á Egilsstaðanesi að Tjarnarbraut.

Verkið var boðið út í tveimur áföngum og var verktakafyrirtækið Ylur ehf. með hagstæðasta tilboðið í báða verkþættina en alls bárust þrjú tilboð í hvorn verkhluta. Áður höfðu Ísrör ehf. í Hafnarfirði og Set ehf. á Selfossi tekið þátt í lokuðu útboði á efnisþáttum verksins. Samið var við Set ehf. um efniskaupin.

Samið var við Austurverk ehf. um skurðgröft og frágang vegna endurnýjunar á hita-, vatns- og fráveitulögnum í hluta Lagarfells í Fellabæ, en starfsmenn HEF sáu að mestum hluta um lagnavinnu. Þá komu starfsmenn HEF að vinnu við tengingar á stofnlögnum hitaveitu og vatnsveitu, ásamt því að sjá um að þræða vatnsveitustofnlögn fyrir Fellabæ í fyrrverandi hitaveitupípu á Lagarfliótsbrú. Einnig voru endurnýjaðar fráveitu-, hitaveitu- og vatnsveitulagnir á nokkrum stöðum í dreifikerfinu ásamt búnaði í hitaveitubrunna.


Íslensk Jarðhitatækni undir stjórn Árna Gunnarssonar stjórnaði endurnýjun og stækkun á UV-10. 14 ný dælurör voru sett niður í borholuna og dælan síkkuð um líðlega 42 metra, dælumótor var stækkaður úr 150 hp. í 200 hp. Tókst þessi framkvæmd vel og jukust afköst UV-10 um 20%.

Á árinu 2016 er stefnt á að ljúka við endurnýjun stofnlagna hitaveitunnar frá Urriðavatni í dæluhús á Tjarnarbraut. Þar með verða allar ofanjarðar stofnlagnir hitaveitunnar aflagðar.

## Skipting heitavatnssölu 2015

Tegund sölu	Fjöldi hús-veitna	Sala um mæla þús. m <sup>3</sup>	Vatnssala og fastagjöld millj. kr.
Almenn sala	1.174	1.273	142,7
Sumarhús	96	205	12,5
Snjóbræðsla	2	4	0,4
Íþróttamannvirki	5	136	8,3
Iðnaður	2	138	7,1
Gróðurhús	2	17	1,3
<b>Samtals</b>	<b>1.281</b>	<b>1.773</b>	<b>172,3</b>


Eigið fé í millj. kr.





## Verkefni og framtíðarsýn

Veltufjárhlutfall



Fráveitumál munu án efa verða fyrirferðamikil í umræðunni á næstu árum. Nýverið fengu stjórnarmenn HEF skýrslu um hreinsun frárennslis fyrir Egilsstaði og Fellabæ í hendur og er skýrslan og vinna varðandi frekari upplýsingar í gangi. Samorka og nefnd á vegum ráðuneytis eru að vinna við endurskoðun á reglugerð um fráveitur. Fjölmörg sveitarfélög bíða eftir að vinnu við breytingar á reglugerðinni ljúki svo að nýtt regluverk fari að líta dagsins ljós. Á næstu árum verður aukin áhersla lögð á að skilja á milli regnvatns og skolps og er þá einkum horft til svokallaðra blágrænulausna.

Helstu verkefni í vatnsveitumálum á næstu árum er að endurnýja og byggja upp dreifikerfið á Egilsstöðum og í Fellabæ ásamt því að koma á tengingum við vatnsveituna á Eiðum í gagna- og stýribúnað HEF.

Árið 2016 er áformað að styrkja dreifikerfi hitaveitunnar með lögn frá menntakólastíg að Kaupvangi en með þessari aðgerð styrkist flutningsgeta heita vatnsins á Suðursvæðið.

Ef að áform ganga eftir með YL-Ströndina við Urriðavatn og uppbyggingu á Eiðum þá virkjum við á næstu misserum UV-10 með stærri dælu og 300 hp mótör.

Í framtíðinni vonum við að heita vatnið verði notað í auknum mæli við matvælaframleiðslu. Það býður engin önnur veita vottað hitaveituvatn til matvælaframleiðslu.

Fljótsdalshérað hefur tekið frá landssvæði í Fellabæ hjá Barra og Herði, með það í huga að þarna mætti koma fyrir atvinnufyrirtækjum. Vinna við deiliskipulag á þessu svæði stendur enn yfir. Það væri góð framtíðarsýn að sjá fyrir sér gróðrarstöðvar, öflugra grænmetis- og matvælaframleiðslu sem byggðist á notkun heita og kalda vatnsins. Það er umhugsunarefni hvers vegna þessi framleiðsla er ekki fyrir löngu hafin á veitusvæði okkar þar sem kröfur eru gerðar um mikið vatn og gæði.


Þegar gerð jarðganga milli Héraðs og Seyðisfjarðar lýkur, verður Seyðisfjarðarkaupstaður væntanlega hitaður upp með vatni frá dælustöðvum hitaveitunnar við Urriðavatn.

**Guðmundur Davíðsson**

Framkvæmdastjóri

Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Hlutfallsleg breyting vísitölu og verðs á heitu vatni frá HEF





# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 60,9 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.963,6 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 528,8 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 26,9%.

Í árslok 2015 nam hlutfé félagsins 433,3 millj. kr. og breyttist ekki á árinu. Allt hlutfé í eigu sveitarfélagsins Fljótshéraðs, kt. 481004-3220, eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## **Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2015 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 24. febrúar 2016

Í stjórn fyrirtækisins:

Gunnar Jónsson  
Guðbjörg Björnsdóttir  
Karl Lauritzson  
Skúli Björnsson  
Sigvaldi H. Ragnarsson

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Davíðsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eiganda Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggi framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 24. febrúar 2016

**KPMG ehf.**

Magnús Jónsson

## Rekstrarreikningur 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Vatnssala .....		156.984.042	147.075.782
Álögð vatnsgjöld .....		77.096.679	74.992.857
Álögð fráveitugjöld .....		104.863.837	100.261.535
Fastagjöld .....		21.117.171	20.789.630
Aðrar tekjur .....		8.658.445	11.706.086
	2a	368.720.174	354.825.890
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launtengd gjöld .....	4	53.610.807	52.661.371
Rekstur veitukerfa .....		70.438.616	66.154.817
Annar rekstrarkostnaður .....		32.151.231	24.271.991
		156.200.654	143.088.179
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		212.519.520	211.737.711
Afskriftir .....	7	86.190.927	76.574.062
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		126.328.593	135.163.649
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	5	( 55.179.802 )	( 58.921.421 )
Áhrif hlutdeildarfélagas .....		( 873.870 )	( 939.053 )
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		70.274.921	75.303.175
Tekjuskattur ársins .....	2i, 11	( 9.327.387 )	10.222.260
<b>Hagnaður ársins .....</b>	<b>14</b>	<b>60.947.534</b>	<b>85.525.435</b>

# Efnahagsreikningur

<b>Eignir</b>		<b>Skýr.</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
<b>Fastafjármunir:</b>				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi .....	2d, 6		9.273.165	9.577.839
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi .....			421.586.622	410.944.232
Fráveitukerfi .....			235.967.712	235.734.283
Borholur og dreifikerfi hitaveitu .....			952.733.291	912.661.566
Kyndistöð, áhöld og búnaður .....			46.621.679	25.043.129
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu .....			125.564.108	138.706.098
	2f, 7		1.782.473.412	1.723.089.308
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi .....	2h, 8		5.390.813	6.264.683
Tekjuskattseign .....	2i, 11		15.266.788	24.594.175
Verðbréfaeign í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum .....	2j, 12		103.423	103.804
			20.761.024	30.962.662
		Fastafjármunir	1.812.507.601	1.763.629.809
<b>Veltufjármunir:</b>				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur .....	2k, 13		25.636.308	19.139.798
Kröfur á tengda aðila .....			15.605.103	11.767.925
Aðrar skammtímakröfur .....			1.736.296	4.041.720
Handbært fé .....	2l		108.161.078	107.947.694
		Veltufjármunir	151.138.785	142.897.137
		<b>Eignir samtals</b>	1.963.646.386	1.906.526.946

## 31. desember 2015

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2015	2014
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutafé .....		433.306.421	433.306.421
Lögbundinn varasjóður .....		14.634.684	8.552.544
Óráðstafað eigið fé .....		80.866.354	26.000.960
Eigið fé	14	528.807.459	467.859.925
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	15	957.351.312	962.822.025
Leiguskuldir .....	16	225.862.250	246.813.818
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	17	124.818.957	104.472.880
		1.308.032.519	1.314.108.723
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	59.836.618	57.762.007
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	16	25.848.674	24.317.224
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna .....	17	3.557.658	2.953.729
Viðskiptaskuldir .....		15.434.471	18.452.772
Aðrar skammtímaskuldir .....		22.128.987	21.072.566
		126.806.408	124.558.298
Skuldir samtals		1.434.838.927	1.438.667.021
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		1.963.646.386	1.906.526.946

Skuldbindingar utan efnahags ..... 19

## Sjóðstreymisýfirlit 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....	14	60.947.534	85.525.435
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	86.190.927	76.574.062
Verðbætur og gengismunur .....		1.279.306	3.261.663
Áhrif hlutdeildarfélags .....		873.870	939.053
Tekjuskattur, breyting .....		9.327.387	( 10.222.260 )
Veltufé frá rekstri		158.619.024	156.077.953
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 8.028.264 )	5.091.216
Skammtímaskuldir, lækkun .....		( 1.961.880 )	( 9.035.723 )
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting .....		20.950.006	14.728.314
Verðbréfeign, breyting .....		381	290.777
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		10.960.243	11.074.584
Handbært fé frá rekstri		169.579.267	167.152.537
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, hitaveita .....	7	( 104.816.599 )	( 109.364.510 )
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, vatnsveita .....	7	( 26.229.786 )	( 15.426.789 )
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, fráveita .....	7	( 14.223.972 )	( 14.340.209 )
Fjárfestingarhreyfingar		( 145.270.357 )	( 139.131.508 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Tekin langtímalán .....		57.000.000	163.000.000
Afborganir langtímalána .....		( 56.778.302 )	( 128.804.147 )
Afborganir leiguskulda .....		( 24.317.224 )	( 23.216.430 )
Fjármögnunarhreyfingar		( 24.095.526 )	10.979.423
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		213.384	39.000.452
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		107.947.694	68.947.242
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		108.161.078	107.947.694
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
Greiddur fjármagnskostnaður .....		56.257.437	54.993.231



# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningssskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningssskilum og er gerður eftir sömu reikningssskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Mikilvægar reikningssskilaaðferðir

### a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Vatns- og holræsagjöld er færð til tekna við álagningu. Tengigjöld eru færð í rekstrarreikninga við útgáfu reiknings ef um óverulega fjárhæð er að ræða en annars eru tengigjöld færð sem fyrirframinnheimtar tekjur og innleystar á nýtingartíma dreifkerfis. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

### e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

### f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu.....	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir .....	25 ár
Borholur hitaveitu .....	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

### g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu.....	20 ár
----------------------------	-------

### h. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi er eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í hreinni eign þeirra.

## Skýringar, frh.:

---

### **i. Tekjuskattsinneign**

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

### **j. Verðbréfaeign**

Félagið á í skulda- og peningamarkaðssjóðum Íslenskra verðbréfa hf. samtals að fjárhæð 0,1 millj. kr. og er verðbréfaeignin færð til eignar í samræmi við viðskiptagengi í lok árs. Umræddir sjóðir eru í slitaferli og ráðast útgreiðslur af afborgunum skuldabréfa og sölu eigna. Þar sem óvissa er um hvenær útgreiðslur fara fram eru ekki færðar næsta árs afborganir meðal veltufjármuna.

### **k. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### **l. Handbært fé**

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## Skýringar, frh.:

### 3. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
<b>2015</b>				
Rekstrartekjur .....	179.346.260	84.434.486	104.939.428	368.720.174
Rekstrargjöld án afskrifta .....	70.223.067	32.615.595	53.361.992	156.200.654
Hagnaður EBITDA .....	109.123.193	51.818.891	51.577.436	212.519.520
Afskriftir .....	( 43.220.998)	( 15.837.396)	( 27.132.533)	( 86.190.927)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 29.636.427)	( 9.366.344)	( 16.177.031)	( 55.179.802)
Tekjuskattur .....	( 9.327.387)	0	0	( 9.327.387)
Áhrif hlutdeildarfélags .....	( 873.870)	0	0	( 873.870)
Hagnaður ársins .....	26.064.511	26.615.151	8.267.872	60.947.534
Eignir starfspátta .....	1.172.402.944	429.711.622	361.531.820	1.963.646.386
Skuldir starfspátta .....	870.714.314	317.024.859	247.099.754	1.434.838.927
Eigið fé starfspátta .....	301.688.630	112.686.763	114.432.066	528.807.459
Veltufé frá rekstri .....	77.236.716	41.084.797	40.297.511	158.619.024
Fjárfestingahreyfingar .....	104.816.599	26.229.786	14.223.972	145.270.357
Fjármögnunarhreyfingar .....	16.833.024	( 14.855.011)	( 26.073.539)	( 24.095.526)

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
<b>2014</b>				
Rekstrartekjur .....	171.230.798	83.333.557	100.261.535	354.825.890
Rekstrargjöld .....	62.277.414	29.911.586	50.899.179	143.088.179
Hagnaður EBITDA .....	108.953.384	53.421.971	49.362.356	211.737.711
Afskriftir .....	( 36.476.964)	( 13.632.225)	( 26.464.873)	( 76.574.062)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 30.455.290)	( 15.400.329)	( 13.065.802)	( 58.921.421)
Tekjuskattur .....	10.222.260	0	0	10.222.260
Áhrif hlutdeildarfélags .....	( 939.053)	0	0	( 939.053)
Hagnaður (tap) ársins .....	51.304.337	24.389.417	9.831.681	85.525.435
Eignir starfspátta .....	1.112.767.333	419.319.232	374.440.381	1.906.526.946
Skuldir starfspátta .....	837.143.213	333.247.621	268.276.187	1.438.667.021
Eigið fé starfspátta .....	275.624.120	86.071.611	106.164.194	467.859.925
Veltufé frá rekstri .....	77.908.631	39.591.497	38.577.825	156.077.953
Fjárfestingahreyfingar .....	109.364.510	15.426.789	14.340.209	139.131.508
Fjármögnunarhreyfingar .....	59.381.747	( 24.164.708)	( 24.237.616)	10.979.423

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins greinast þannig:

	2015	2014
Laun .....	49.028.744	41.012.052
Áunnið orlof, breyting .....	( 1.119.526)	1.492.161
Launatengd gjöld .....	12.006.589	10.157.158
	59.915.807	52.661.371
Eignfærð laun og launatengd gjöld .....	( 6.305.000)	0
Laun og launatengd gjöld samtals .....	53.610.807	52.661.371
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	6	5

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 20,1 millj. kr. á árinu 2015.

## Skýringar, frh.:

### 5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2015	2014
Vaxtatekjur og verðbætur .....	1.988.252	3.561.881
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 63.435.914)	( 62.265.425)
Gengismunur .....	6.267.860	( 217.877)
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 55.179.802)	( 58.921.421)

### 6. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 40-50 árum. Þessi liður greinist þannig:

	Vatnsréttindi hitaveitu	Vatnsréttindi vatnsveitu	Samtals
Bókfært verð 1.1.2015 .....	1.202.839	8.375.000	9.577.839
Afskrifað á árinu .....	( 54.674 )	( 250.000 )	( 304.674 )
Bókfært verð 31.12.2015 .....	1.148.165	8.125.000	9.273.165

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Borholur og dreifikerfi hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1.2015 .....	58.037.119	1.621.852.567	614.919.401	494.089.144	2.788.898.231
Afskrifað áður .....	( 32.993.990 )	( 709.191.001 )	( 203.975.169 )	( 258.354.861 )	( 1.204.515.021 )
Bókfært verð 1.1.2015 .....	25.043.129	912.661.566	410.944.232	235.734.283	1.584.383.210
Fært út .....	0	( 49.000.667 )	0	0	( 49.000.667 )
Viðbót á árinu .....	30.545.200	74.271.399	26.229.786	14.223.972	145.270.357
Afskrifað á árinu .....	( 8.966.650 )	( 34.199.674 )	( 15.587.396 )	( 13.990.543 )	( 72.744.263 )
Afskrift færð út .....	0	49.000.667	0	0	49.000.667
Bókfært verð 31.12.2015 ....	46.621.679	952.733.291	421.586.622	235.967.712	1.656.909.304
Heildarverð 31.12.2015 .....	88.582.319	1.696.123.966	641.149.187	508.313.116	2.934.168.588
Afskrifað samtals .....	( 41.960.640 )	( 743.390.675 )	( 219.562.565 )	( 272.345.404 )	( 1.277.259.284 )
Bókfært verð 31.12.2015 ....	46.621.679	952.733.291	421.586.622	235.967.712	1.656.909.304
Afskriftahlutföll .....	4-33%	2,5-4%	2,5-4%	4%	

Leigðar eignir greinast þannig:

Hreinsivirki í fráveitu 1.1.2015 .....	138.706.098
Afskrifað á árinu .....	( 13.141.990 )
Bókfært verð 31.12.2015 .....	125.564.108

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals 1.782.473.412

Afskriftahlutföll .....

5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita .....	43.166.324
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita .....	15.587.396
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita .....	13.990.543
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigugeignir .....	13.141.990
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 6 .....	304.674
Fært í rekstrarreikning .....	86.190.927

## Skýringar, frh.:

### 8. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Skógarorka .....	44,8%	9.000.000	5.390.813

### 9. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat fasteigna félagsins var 62,9 millj. kr. og lóða 20,4 millj. kr., eða samtals 83,3 millj. kr. í árslok 2015. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 208,6 millj. kr.

### 10. Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu 564,5 millj. kr. fyrir árið 2015, 390,7 millj. kr. fyrir vatnsveitu og 641,6 millj. kr. fyrir fráveitu.

### 11. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun .....	24.594.175
Reiknaður tekjuskattur .....	( 9.327.387)
Tekjuskattseign í árslok .....	15.266.788

Tekjuskattseign félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 7.437.200)
Viðskiptakröfur .....	2.314.778
Frestaður gengishagnaður .....	( 821.190)
Yfirfæranlegt tap .....	21.210.400
	15.266.788

### 12. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign greinist þannig:

Verðbréf í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum .....	103.423
Verðbréfeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	103.423

### 13. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2015	2014
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	10.324.997	12.851.268
Breyting á niðurfærslu ársins .....	1.248.895	( 2.526.271)
Niðurfærsla í árslok .....	11.573.892	10.324.997

### 14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2014 .....	433.306.421	8.552.544	26.000.960	467.859.925
Hagnaður ársins .....			60.947.534	60.947.534
Framlag í lögbundinn varasjóð .....		6.082.140	( 6.082.140)	0
Eigið fé 31.12.2015 .....	433.306.421	14.634.684	80.866.354	528.807.459

## Skýringar, frh.:

### 15. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,85-4,35% á gjalddögum til 2027 .....	194.562.038
Óverðtryggð lán, vextir 6,95-7,20% á gjalddögum til 2036 .....	498.656.462
Gengistryggð lán, vextir 0,30%-0,85% á gjalddögum til 2033 .....	323.969.430

Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	1.017.187.930
Næsta árs afborganir .....	( 59.836.618 )

Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals .....	957.351.312
---	-------------

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2015.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl. gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2016 .....	40.779.509	19.057.109	59.836.618
Árið 2017 .....	40.948.067	19.057.109	60.005.176
Árið 2018 .....	41.124.296	19.057.109	60.181.405
Árið 2019 .....	41.308.542	19.057.109	60.365.651
Árið 2020 .....	41.501.172	19.057.109	60.558.281
Síðar .....	487.556.914	228.683.885	716.240.799
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	693.218.500	323.969.430	1.017.187.930

### 16. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir eru til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun .....	251.710.924
Næsta árs afborgun .....	( 25.848.674 )
Samtals langtímahluti leiguskulda .....	225.862.250

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borganir alls
Hreinsivirki .....	2003-2027	6,4%	251.710.924

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2016 .....	48.573.264
Árið 2017 .....	48.573.264
Árið 2018 .....	47.582.589
Árið 2019 .....	46.591.915
Árið 2020 .....	46.591.915
Síðar .....	169.596.568
Samtals .....	407.509.515

Greiðslur vegna leigusamninga námu á árinu 2015 48,1 millj. kr.

## Skýringar, frh.:

---

### 17. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda á dreifikerfum í hitaveitu námu á árinu 24,2 millj. kr. eða um 13,5% af tekjum hitaveitunnar. Almennt hefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins og því eru tengigjöld ársins færð til skulda sem fyrirframinnheimtar tekjur. Í árslok nema fyrirframinnheimtar tekjur vegna tengigjalda 127,5 millj. kr. og er áætlað að færa umrædd tengigjöld til tekna á 40 árum.

Þá eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 0,9 millj. kr. Sú fjárhæð færist til tekna á næstu 10 árum.

Tekjur að fjárhæð 128,4 millj. kr. eru færðar til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur í árslok 2015. Þar af færast 3,6 millj. kr. meðal veltufjármuna sem næsta árs innlausn, sem þýðir að sú fjárhæð færist til tekna á árinu 2016.

### 18. Skattamál

Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2008 yfirfæranlegt til 2018 .....	108.296.573
Tap ársins 2009 yfirfæranlegt til 2019 .....	34.606.424
Samtals .....	<u>142.902.997</u>

### 19. Ábyrgðarskuldbindingar

Félagið hefur samþykkt að veita hlutdeildarfélagi sínu, Skógarorku ehf., hlutfallslega sjálfskuldarábyrgð (pro rata ábyrgð), í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu, vegna lántöku félagsins hjá Íslandsbanka hf. Eftirstöðvar lánsins námu í árslok 2015 6,4 millj. kr. og nemur ábyrgð HEF því 44,8% þeirrar fjárhæðar eða um 2,9 millj. kr.

## Skýringar, frh.:

---

### 20. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

#### a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

#### b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

##### Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

#### c. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2016 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

#### d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

#### Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánnum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánnum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

#### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 324,0 millj. kr. (2014: 349,9). Hluti fjárfestingareigna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánnum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 32,4 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.



## Skýringar, frh.:

### 21. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2015	2014	2013	2012	2011
<b>Rekstur:</b>					
Rekstrartekjur .....	368.720	354.826	345.178	313.573	291.544
Rekstrargjöld án afskrifta ....	( 156.201 )	( 143.088 )	( 147.945 )	( 125.167 )	( 116.801 )
Hagnaður fyrir afskriftir .....	212.519	211.738	197.233	188.406	174.743
Afskriftir .....	( 86.191 )	( 76.574 )	( 72.280 )	( 71.837 )	( 64.482 )
Hagnaður fyrir fjármagnsliði .....	126.328	135.164	124.953	116.569	110.261
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 55.180 )	( 58.921 )	( 18.718 )	( 91.589 )	( 107.025 )
Árhrif hlutdeildarfélags .....	( 874 )	( 939 )	( 1.261 )	( 1.083 )	( 803 )
Hagnaður (tap) ársins fyrir tekjuskatt .....	70.274	75.304	104.974	23.897	2.433
Tekjuskattur ársins .....	( 9.327 )	10.222	( 67.201 )	545	49.037
Hagnaður ársins .....	60.947	85.526	37.773	24.442	51.470
<b>Efnahagur:</b>					
Fastafjármunir .....	1.812.508	1.763.630	1.692.080	1.695.297	1.718.487
Veltufjármunir .....	151.139	142.897	108.988	58.635	60.943
Eignir samtals	1.963.647	1.906.527	1.801.068	1.753.932	1.779.430
Eigið fé .....	528.807	467.860	382.334	343.166	318.725
Langtímaskuldir .....	1.308.033	1.314.109	1.282.485	1.295.231	1.349.817
Skammtímaskuldir .....	126.806	124.558	136.248	115.534	110.887
Eigið fé og skuldir samtals	1.963.646	1.906.527	1.801.068	1.753.931	1.779.429
	<b>2015</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
<b>Helstu kennitölur:</b>					
Meðal gjaldfrestur í dögum .....	38	29	32	28	47
Veltufé frá rekstri .....	158.619	156.078	146.653	137.616	129.160
Veltufjárhlutfall .....	1,19	1,15	0,80	0,51	0,55
Eiginfjárhlutfall .....	26,9%	24,5%	21,2%	19,6%	17,9%
Arðsemi eiginfjár .....	13,0%	22,4%	11,0%	7,7%	37,7%







ÁRSSKÝRSLA 2015